

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2010

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2010. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 28 naut í árgangi 2010. Tólf naut áttu syni í þessum árgangi. Síríus 02032 átti flesta eða 5 talsins, Glæðir 02001, Skurður 02012 og Flói 02029 áttu 4 syni hver, Ófeigur 02016 átti 3 syni, Aðall 02039 og Gyllir 03007 áttu 2 syni hvor og Kappi 01031, Lykill 02003, Pontíus 02028 og Ás 02048 áttu einn son hver. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileik í flestum eiginleikum en þó verða mjaltir að teljast koma vel út í heildina. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera. Besta naut árgangsins er Úranus 10081 frá Hvanneyri í Andakíl.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Sirkus 10001 frá Eyði-Sandvík í Flóa.

F: Síríus 02032, m: Sería 551 f. í Laugardælum, mf: Stássi 04024

Um helmingur dætra Sirkuss eru tvílitir. Algengasti tvílitur er huppóttur. Allir grunnlitir nema grár koma fyrir en rauðir og bröndóttir litir eru langalgengastir. Mjólklagni dætra Sirkuss er töluvert undir meðallagi en fituhlutfall í mjólk er í góðu meðallagi og próteinhlutfall hátt. Þetta eru meðalstórar kýr, bolgrunnar með góðar útlögur og fremur háfættar. Yfirlína er sterk. Malir eru nokkuð breiðar, hallandi og flatar. Fótstaða er sterkleg og fremur gleið. Júgurgerð þessara kúa er fremur góð, júgrin eru vel borin með góða festu en júgurband er ógreinilegt. Spenar eru langir, meðalþykkir en nokkuð gleitt settir. Dætur Sirkuss eru góðar í mjöltum og lítið um mjaltagalla. Skap þeirra er gallað og þær koma illa út í gæðaröð. Undan Sirkusi geta komið hyrndir gripir.

Sirkus verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Spaði 10003 frá Gýgjarhólskoti í Biskupstungum.

F: Skurður 02012, m: Heilsa 339, mf: Ári 04043

Um fjórðungur afkvæma Spaða er einlitur og af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir en allir litir nema gráir koma fyrir. Af tvílitum koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Dætur Spaða eru mjólklagnar, fituhlutfall í mjólk er hátt og próteinhlutfall í góðu meðallagi. Þetta eru nokkuð stórar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með sterka yfirlínu. Þær eru háfættar. Malir eru prýðilega gerðar, breiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er heldur nán. Júgurgerð þessara kúa er meðalgóð, júgurfasta í meðallagi sem og júgurband en þau mættu vera betur borin. Spenagerð eru stuttir, aðeins þykkir en mjög vel settir. Dætur Spaða eru slakar í mjöltum og nokkuð er um galla eins og seinar mjaltir og mismjaltir. Skapið er heldur undir meðallagi og þær koma illa út í gæðaröð. Ekki er þekkt að Spaði gefi hyrnd afkvæmi.

Spaði verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Rumur 10006 frá Akri í Eyjafirði.

F: Skurður 02012, m: Tröð 358, mf: Stígur 97010

Um helmingur afkvæma Rums eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi en allir litir nema gráir koma fyrir. Afurðasemi dætra Rums er lítil hvað afurðamagn snertir en efnahlutföll í mjólk eru gríðarhá. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr. Þær

eru í meðallagi hvað boldýpt og útlögur varðar en yfirlína er veik. Malir eru breiðar, nokkuð beinar en fremur þaklaga. Fótstaða er heldur hokin og náin. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mikil júgurfasta, greinilegt júgurband og þau sérlega vel borin. Spenar eru fremur stuttir, hæfilega þykkir og mjög vel settir. Dætur Rums eru slakar í mjöltum og nokkuð er um galla eins og seinar mjaltir og mismjaltir. Skap þeirra er í slöku meðallagi og þær koma illa út í gæðaröð. Ekki er þekkt að Rumur gefi hyrnd afkvæmi.

Rumur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Runni 10007 Ytri-Tjörnum í Eyjafirði.

F: Sírius 02032, m: Ljúf 676, mf: Stíll 04041

Meirihluti afkvæma Runna eru einlit og algengustu litur eru rauðir og kolóttir þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Dætur Runna eru í meðallagi mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk liggja sömuleiðis nærri meðallagi. Þetta eru fremur stórar kýr og háfættar, boldjúpar með útlögur í tæpu meðallagi og nokkuð beina yfirlínu. Malabygging er slök þar sem þær eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð hokin, náin og veik. Júgurgerð er ábótavant þar sem allmikið vantar á festu, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt allnokkur. Spenar eru í lengra lagi, fremur grannir og nokkuð gleitt settir en ágætlega lagaðir. Dætur Runna meðalgóðar í mjöltum en aðeins ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er úrvalsgott. Undan Runna geta komið hyrindir gripir.

Runni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Þvali 10008 frá Þverlæk í Holtum.

F: Flói 02029, m: Búð 555, mf: Ófeigur 02016

Um þrjú fjórðu hlutar afkvæma Þvala er einlitur og er algengustu litir er Rauðir og bröndóttir þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur sýnu algengastur. Dætur Þvala eru mjög mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru nokkuð undir meðallagi, einkum hlutfall próteins. Þetta eru vel gerðar kýr á skrokkinn, fremur stórar og mjög boldjúpar með góðar útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er nokkuð bein, gleið og sterkleg og kýrnar eru fremur háfættar. Júgurgerð er slök og skortir verulega á festu, júgurband er þokkalegt en júgurdýpt þó nokkur. Spenar eru vel gerðir, hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Dætur Þvala eru góðar í mjöltum og lítið ber á mjaltagöllum. Skap þessara kúa er all nokkuð. Ekki er þekkt að Þvali gefi hyrnd afkvæmi.

Þvali verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Frosti 10010 frá Mýrum í Skriðdal.

F: Kappi 01031, m: Hrefna 277, mf: Gyllir 03007

Nálægt helmingur afkvæma Frosti eru tvílit og algengasti litur er huppóttur þó fjölbreytni sé allmikil. Af grunnlitum er svartur litur algengastur þó litafjölbreytni sé mikil og allir litir komi fyrir. Dætur Frosti eru nokkuð undir meðallagi mjólkurlagnar og hlutfall verðefna í mjólk sömuleiðis. Þetta eru fremur stórar kýr, í góðu meðallagi bolbjúpar og útlögumiklar en yfirlína er veik. Malir eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er nokkuð hokin og veik en kýrnar eru háfættar. Júgurgerð er allslök þar sem júgurfasta er frekar lítil, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt allnokkur. Spenar eru fremur langir

og grannir og nokkuð gleitt settir. Dætur Frosta eru undir meðallagi í mjöltum og skapi þar sem aðeins ber á mismjalta og skapgölluðum gripum. Undan Frosta geta komið hyrndir gripir.

Frosti verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Strákur 10011 frá Naustum í Eyrarsveit.

F: Pontíus 02028, m: Hvönn 161, mf: Kaðall 94017

Mikill meirihluti afkvæma Stráks er einlitur og af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Af tvílitum kemur huppóttur oftast fyrir. Dætur Stráks eru miklar mjólkurkýr með efnahlutföll í mjólk um meðallag. Þetta er fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í minna lagi en yfirlína mjög sterk. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er góð, festa um meðallag en júgurband nokkuð áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega stuttir og grannir en eilítið gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar, lítið um galla í mjöltum og skapið er í meðallagi. Undan Strák geta komið hyrndir gripir.

Strákur verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Muni 10018 frá Birtingaholti 1 í Hrunamannahreppi.

F: Skurður 02012, m: Skella 1307, mf: Þollur 99008

Mikill meirihluti afkvæma Muna eru tvílit og algengasti litur er skjöldóttur. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Dætur Muna eru mjólkurlagnar en hlutfall verðefna í mjólk er mjög lágt. Þetta eru fremur smáar kýr, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malir eru grannar en beinar og flatar. Fótstaða er nokkuð bein, gleið og sterkleg og kýrnar eru fremur háfættar. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfesta í meðallagi, júgurband áberandi og júgrin allvel borin. Spenar eru stuttir, fremur grannir og vel settir. Dætur Muna eru of þungar í mjöltum og nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er um meðallag þó aðeins beri á skapgölluðum gripum. Undan Muna geta komið hyrndir gripir.

Muni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Prins 10019 frá Berustöðum 2 í Ásahreppi.

F: Flói 02029, m: Braut 333, mf: Stígur 97010

Um helmingur afkvæma Prins eru einlit þar sem langmest ber á rauðum litum þó allir litir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Afurðasemi dætra Prins er í góðu meðallagi hvað magn snertir og hlutföll verðefna í mjólk eru mjög há. Þetta eru frekar smáar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð hallandi og þaklaga. Fótstaðan er nokkuð bein og gleið. Kýrnar eru í góðu meðallagi háfættar. Júgurgerðin er góð, allgóð júgurfesta, mjög greinilegt júgurband og þau frekar vel borin. Spenar eru ágætlega gerðir, frekar langir og aðeins gleitt settir en hæfilega þykkir. Mjaltir dætra Prins er fullþungar og nokkuð ber á seinum mjöltum. Skap þessara kúa er frekar mikið og fyrir koma skapgallaðir gripir. Undan Prins geta komið hyrndir gripir.

Prins verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ostur 10023 frá Hraunhálsi í Helgafellssveit.

F: Lykill 02003, m: Hin 234, mf: Stokkur 01035

Nálægt helmingur afkvæma Osts eru einlitir og af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir en allir litir koma fyrir. Af tvílitum koma huppóttur og skjöldóttur oftast fyrir. Dætur Osts eru undir meðallagi mjólkurlagnar og hlutfall fitu í mjólk er neðan meðaltals en próteinhlutfall er hátt. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, meðalboldjúpar en útlögulitlar með sterka yfirlínu. Malir eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og góð. Júgurgerð þessara kúa er slök og skortir festu, júgurband er ógreinilegt og júgurdýpt mikil. Spenar eru aðeins langir og grannir og gleitt settir. Dætur Osts eru úrvalsgóðar í mjöltum og skapi og gallar þar að lútandi fátíðir. Undan Osti geta komið hyrndir gripir.

Ostur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Eskill 10027 frá Ytri-Tjörnum í Eyjafirði.

F: Glæðir 02001, m: Steypa 679, mf: Stíll 04041

Um þrjú fjórðu hlutar afkvæma Eskils eru tvílitir og kemur skjöldóttur oftast fyrir. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir grunnlitir komi fyrir. Dætur Eskils eru fremur mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk eru lág, sérstaklega hlutfall fitu. Þetta eru stórar og háfættar kýr en hvorki boldjúpar eða útlögumiklar en yfirlína er sterk. Malir eru frekar grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er nokkuð hokin og þröng. Júgurgerð þessara kúa er undir meðallagi, heldur vantar á júgurfestu, júgurband er í meðallagi og júgurdýpt fullmikil. Spenar eru aðeins grófir, langir og eilítið þykkir, og of gleitt settir. Mjaltir eru heldur undir meðallagi og aðeins ber á seinum mjöltum. Skapið er nærri meðallagi en fyrir koma skapgallaðir gripir. Undan Eskli geta komið hyrndir gripir.

Eskill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Drangi 10031 frá Bakka í Öxnadal.

F: Glæðir 02001, m: Mjöll 501, mf: Ás 02048

Um þriðjungur afkvæma Dranga er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Dætur Dranga eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar og próteinhlutfall um meðalal en fituhlutfall lágt. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína mjög sterk. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar en aðeins þaklaga. Fótstaða er bein, aðeins þröng og hallandi um klaufir. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfesta mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru prýðilega gerðir, aðeins langir og þykkir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru um meðallag, lítið um galla í mjöltum og skapið er gott. Undan Dranga geta komið hyrndir gripir.

Drangi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Svipur 10038 frá Hrafnagili í Eyjafirði.

F: Aðall 02039, m: Svipul 1253, mf: Fontur 98027

Nálægt tveimur þriðju hlutum afkvæma Svips eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir litir oftast fyrir þó alla liti megi finna og litafjölbreytni sé mikil. Dætur Rauðgrana eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar og hlutföll verðefna í mjólk liggja mjög nærri meðaltali.

Þetta stórar og háfættar kýr með meðalboldýpt og útlögur en veika yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er hokin og fremur veik. Júgurgerð þessara kúa er fremur slök þar sem vantar á festu og júgurdýpt er of mikil. Júgurband er hins vegar vel greinilegt. Spenagerð er aðeins gróf, spenar eru aðeins langir, þykkir en vel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð um seinar mjaltir. Skapið er hins vegar nokkuð gott. Undan Svip geta komið hyrndir gripir.

Svipur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Fossdal 10040 frá Merkgili í Eyjafirði.

F: Glæðir 02001, m: Fossa 476, mf: Hamar 94009

Um helmingur afkvæma Fossdals er tvílitur og ber mest á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Dætur Fossdals eru mjólkurlagnar með próteinhlutfall í mjólk í góðu meðallagi en fituhlutfall fremur lágt. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í meðallagi en yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurfasta gríðarlega mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin sérlega vel borin. Spenar eru mjög vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og ákaflega vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er gott. Undan Fossdal geta komið hyrndir gripir.

Fossdal verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nautsfaðir.

Mói 10054 frá Bryðjuholti í Hrunamannahreppi.

F: Aðall 02039, m: Bjalla 356, mf: Þollur 99008

Nálægt þrem fjórðu hlutum afkvæma Móa eru einlit þar sem rauðir litir eru langalgengustir þó allir grunnlitir komi fram. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Dætur Móa góðar mjólkurký og hlutföll verðefna í mjólk eru há, sérstaklega hlutfall próteins. Kýrnar eru stórar og háfættar með mikla boldýpt og útlögur og nokkuð beina yfirlínu. Malir eru mjög breiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er ágætlega gleið og sterkleg. Júgurgerð er afar slök, júgurfasta lítil, júgurband ógreinilegt og júgurdýpt mikil. Spenar eru grófir, hæfilega stuttir en afar þykkir og gleitt settir. Dætur Móa eru of þungar í mjöltum, aðeins ber á seinum mjöltum og enn meira á mismjöltum. Skap þeirra er hins vegar gott og lítið er um gallagripa hvað skap varðar. Undan Móa geta komið hyrndir gripir.

Mói verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kústur 10061 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi.

F: Gyllir 03007, m: Litla-Skessa 322, mf: Tópas 03027

Um fjórðungur afkvæma Kústs er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir langmest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Dætur Kústs eru mjólkurlagnar með fremur há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru meðalstórar kýr, í góðu meðallagi háfættar, boldjúpar en útlögulitlar með aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru frekar grannar, beinar en þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins hallandi um kjúkur. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og ákaflega vel settir. Mjaltir eru í meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er nokkuð mikið. Ekki er þekkt að Kústur gefi hyrnd afkvæmi.

Kústur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Ómur 10062 frá Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum.

F: Sírius 02032, m: Ligna 337, mf: Soldán 95010

Um helmingur afkvæma Óms er einlitur og eru rauðir litir algengastir grunnlita sem allir koma fyrir nema gráir. Af tvílitum kemur huppóttur oftast fyrir þó einnig beri nokkuð á skjöldóttum. Dætur Óms eru í tæpu meðallagi hvað mjólkurlagni varðar en hlutfall verðefna í mjólk er nokkuð hátt. Þetta eru mjög stórar kýr og háfættar með gríðarmikla boldýpt og útlögur en veika yfirlínu. Malir eru mjög breiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerð er tæpast nógu góð og skortir nokkuð á festu auk þess sem júgurband er ekki mjög greinilegt júgurdýpt meiri en æskilegt er. Spenar eru grófir, fremur langir og þykkir, og gleitt settir. Mjaltir og skap eru hvoru tveggja gott og lítið um gallagripir hvað það snertir. Undan Ómi geta komið hyrndir gripir.

Ómur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Lúður 10067 frá Brúnastöðum í Flóa.

F: Gyllir 03007, m: Flauta 343, mf: Ófeigur 02016

Rúmlega helmingur afkvæma Lúðurs er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir langmest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Dætur Lúðurs eru mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er um meðallag en próteinhlutfall gríðarhátt. Þetta eru fremur stórar kýr, nokkuð háfættar, boldjúpar með miklar útlögur en nokkuð veika yfirlínu. Malirnar eru fremur breiðar, aðeins hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurfasta mjög mikil, júgurband mjög áberandi og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og ákaflega vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er um meðallag. Undan Lúðri geta komið hyrndir gripir.

Lúður verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nauksfaðir.

Sólon 10069 frá Bessastöðum á Heggstaðanesi.

F: Ás 02048, m: Sólströnd 2545, mf: Glanni 98026

Rúmlega helmingur afkvæma Sólons er tvílitur og ber mest á leistöttum/sökkóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir langmest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Dætur Sólons eru mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er í góðu meðallagi og próteinhlutfall hátt. Þetta eru ágætlega stórar kýr, háfættar, prýðilega boldjúpar með ágæt útlögur og fremur beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og fremur flatar. Fótstaða er mjög góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er góð, júgurfasta í góðu meðallagi, júgurband nokkuð áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir, stuttir og vel settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er nokkuð. Ekki er þekkt að Sólon gefi hyrnd afkvæmi.

Sólon verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Dropi 10077 frá Fossi í Hrunamannahreppi.

F: Glæðir 02001, m: Sletta 349, mf: Stígur 97010

Rúmlega tveir þriðju hlutar afkvæma Dropa er tvílitur og ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir langmest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Dætur Dropa

eru mjólkurlagnar, fituhlutfall í mjólk er nokkuð undir meðallagi en próteinhlutfall er hátt. Þetta eru meðalstórar kýr, háfættar, fremur bolgrunnar með litlar útlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru tæplega meðalbreiðar, nokkuð beinar en þaklaga. Fótstaða er mjög góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er frábær, mikil júgurfasta, mjög áberandi júgurband og júgrin sérstaklega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru góðar og mjög lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er gott. Undan Dropa geta komið hyrndir gripir.

Dropi verður tekinn til framhaldsnotkunar sem naufsfaðir.

Himinn 10078 frá Birtingaholti 1 í Hrunmannahreppi.

F: Ófeigur 02016, m: Ástríður 1347, mf: Þrjótur 05024

Rúmlega tveir þriðju afkvæma Himins er einlitur og ber mest á rauðum litum en aðrir grunnlitir nema gráir og dökkbrúndóttur koma fyrir. Af tvílutum er huppóttur algengastur. Dætur Himins eru mjög mjólkurlagnar en hlutföll verðefna í mjólk er sérlega lág. Þessar kýr eru stórar og háfættar með mikla boldýpt og útlögur í meðallagi og aðeins veika yfirlínu. Malir eru fremur breiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaðan er sterkleg, bein og þokkalega gleið. Júgurgerð er slök, júgurfestu ábótavant, júgurband ógreinilegt og júgurkýpt meiri en ásættanlegt er. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir og hæfilega þykkir en ákaflega gleitt settir. Mjaltir eru góðar og lítið um mjaltagalla. Skapið er gott og skapgallaðir gripir fátíðir. Undan Himni geta komið hyrndir gripir.

Himinn verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Neptúnus 10079 frá Hvanneyri í Andakíl.

F: Flói 02029, m: Sokka 219, mf: Hegri 03014

Um tveir þriðju hlutar afkvæma Neptúnusar er tvilitur og ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru brúndóttir litir langmest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Dætur Neptúnusar eru prýðilega mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, fremur háfættar, boldjúpar með góðar útlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er mjög góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er öflug, góð júgurfasta, áberandi júgurband og júgrin mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og vel settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og mjög lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er um meðallag. Ekki er þekkt að Neptúnus gefi hyrnd afkvæmi.

Neptúnus verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Úranus 10081 frá Hvanneyri í Andakíl.

F: Sírius 02032, m: Urður 1229, mf: Laski 00010

Tæplega þrjú fjórðu hlutar afkvæma Úranusar er tvilitur og ber mest á húfóttum og krossóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Dætur Úranusar eru gríðarlega mjólkurlagnar en fituhlutfall í mjólk er undir meðallagi en próteinhlutfall liggur nærri því. Þetta eru stórar kýr, háfættar, boldjúpar með miklar útlögur en aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, eilítið hallandi og nokkuð flatar. Fótstaða er góð, bein, rétt og sterkleg. Júgurgerðin er öflug, mikil júgurfasta, áberandi júgurband og júgrin ákaflega vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir en örlítið gleitt settir. Mjaltir eru frábærar og mjög lítið er um galla í mjöltum. Skap þessara kúa er mjög gott. Ekki er þekkt að Úranus gefi hyrnd afkvæmi.

Úranus verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nauksfaðir.

Bætir 10086 frá Núpstúni í Hrunamannahreppi.

F: Sírius 02032, m: Bót 237, mf: Stöðull 05001

Um þriðjungur afkvæma Bætis er tvílitur og ber mest á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir mest áberandi en allir grunnlitir koma fyrir. Dætur Bætis eru í tæpu meðallagi mjólkurlagnar með próteinhlutfall í mjólk í meðallagi og fituhlutfall fremur hátt. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru í tæpu meðallagi og yfirlína aðeins veik. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg og fremur gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta mikil, júgurband áberandi og júgrin mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru mjög góðar og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er úrvalsgott. Undan Bæti geta komið hyrndir gripir.

Bætir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Úlli 10089 frá Dæli í Fnjóskadal.

F: Ófeigur 02016, m: Rán 476, mf: Hryggur 05008

Tæplega tveir þriðju hlutar afkvæma Úlla er tvílitur og ber mest á huppóttum og skjöldótum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir mest áberandi en allir grunnlitir nema gráir koma fyrir. Dætur Úlla eru ákaflega mjólkurlagnar með hátt próteinhlutfall í mjólk og fituhlutfall nærri meðallagi. Þetta eru stórar og mjög háfættar kýr, boldýpt í meðallagi, útlögur fremur litlar en yfirlína nokkuð bein. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfasta í góðu meðallagi, júgurband mjög áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og prýðilega settir. Mjaltir eru góðar og lítið er um galla í mjöltum. Skapið er í meðallagi. Undan Úlla geta komið hyrndir gripir.

Úlli verður tekinn til framhaldsnotkunar sem nauksfaðir.

Skjár 10090 frá Akurey 2 í V-Landeyjum.

F: Ófeigur 02016, m: Búbót 580, mf: Stígur 97010

Mikil meirihluti afkvæma Skjás er einlitur og af grunnlitum ber mest á rauðum litum þó allir litir finnast. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Dætur Skjás eru miklar mjólkurkýr og efnahlutföll í mjólk eru rétt um eða yfir meðallag. Þetta eru meðalstórar og ágætlega háfættar kýr en hvorki boldjúpar né útlögumiklar. Yfirlína er bein. Malir eru meðalbreiðar, beinar og flatar. Fótstaða er hokin og nán. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfasta um meðallag, júgurband nokkuð greinilegt og júgrin ágætlega borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir og þykkir en fremur gleitt settir. Mjaltir eru slakar þar sem nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöltum og skapið er undir meðallagi. Undan Skjá geta komið hyrndir gripir.

Skjár verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kistill 10094 frá Egilsstaðakoti í Flóa.

F: Flói 02029, m: Skúffa 398, mf: Stígur 97010

Um þriðjungur afkvæma Kistils er tvílitur og ber mest á huppóttum lit. Af grunnlitum ber mest á svörtum lit þó allir litir komi fyrir. Dætur Kistils eru mjólkurlagnar og hlutfall verðefna í mjólk er um

meðallag. Þetta eru nokkuð stórar og háfættar kýr en hvorki boldjúpar né útlögumiklar. Yfirlína er bein. Malir eru meðalbreiðar, beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerð er slök, allmikið skortir á júgurfestu, júgurband er nokkuð greinilegt en júgurdýpt mikil. Spenar eru vel gerðir, hæfilega nettir en eilítið gleitt settir. Mjaltir eru mjög góðar og gallagripir í mjöltum fátíðir. Skapið er nokkuð undir meðallagi. Ekki er þekkt að Kistill gefi hyrnd afkvæmi.

Kistill verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Mörsugur 10097 frá Geirakoti í Flóa.

F: Skurður 02012, m: Carmen 449, mf: Ári 04043

Um fjórir fimmtu hlutar afkvæma Mörsugs eru einlit og ber langmest á rauðum og bröndóttum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílitum er mest um huppóttan lit. Dætur Mörsugs eru góðar afurðakýr með há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr, boldýpt og útlögur eru um meðallag en yfirlína er sterk. Malirnar eru fremur grannar en vel gerðar. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er mjög góð, júgurfesta mikil, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega stuttir og grannir og vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi, lítið um galla í mjöltum og skapið er gott. Undan Mörsugi geta komið hyrindir gripir.

Mörsugur verður tekinn til framhaldsnotkunar.